

Einstaklingsmiðun og heimanám

Nú er það svo að hver og einn syngur með sínu nefi og svo er einnig í heimanáminu. Það er því mikilvægt að

huga að þörfum hvers og eins. Aðstæður heima fyrir geta einnig verið með ýmsu móti. Starfsfólk hvetur foreldra og nemendur til þess að koma skoðunum sínum á framfæri við skólann og leita eftir leiðum til þess að

aðlaga heimanámið að hverjum og einum þannig að sem bestu árangur náist.


Heimanám á ekki að vera stríð þar sem heimilið er undirlagt og neikvæðar tilfinningar flæða.

Ef sú er raunin leitið aðstoðar í skólanum til þess að vinna á sem farsælastan hátt að betrubótum.

Komið einnig ábendingum á framfæri við kennara barnanna ykkar ef eitthvað er.

Samvinna er langlíklegasta leiðin til þess að vinna að menntun barnsins þins.

Enginn skóli, enginn kennari er hafinn yfir gagnrýni, þvert á móti er rýni til gagns ætíð til bóta og skilar okkur fram á veginn.



Grunnskólinn á Þórshöfn



► Eilítið um heimanám

Æfingin skapar meistarann

Grunnskólinn á Þórshöfn

Langanesvegj
680 Þórshöfn
468 1458

Unnið af Ingveldi Eiríkdóttur haustið 2010
Uppfært haustið 2013

Kennarastofa 468-1454 Skólastjóri 468 1164

ingveldur@thorshafnarskoli.is

Afhverju heimanám?

Heimanám þjónar nokkrum mikilvægum þáttum í menntun nemenda.



Nemandi lærir að beita sig aga og kemur sér upp góðum námsvenjum. Með heimanámi er hægt að minnka álagið í skólanum þar sem hluti af vinnunni er unninn heima. Það eykur sjálfstæði nemenda og frumkvæði en síðast en ekki síst færir það skólann og heimilið nær hvort öðru og styrkir þannig tengslin.

Foreldrar og forráðamenn kynnast barninu sínu sem námsmanni og fræðast um starfið í skólanum.

Nokkur góð ráð til foreldra varðandi heimanám

Byrjið snemma að styðja við námsvenjur barnsins ykkar, það mun hjálpa því á ferð þess eftir menntaveginum.



- Hróss og hvatning eru mikilvæg
- Ákveðið fastan heimanámstíma
- Skapið rólegt andrúmsloft þar sem truflunar gætir sem minnst.
- Gott er að æfa lestur, skrift og stærðfræði daglega.
- Ræðið saman um það sem barnið er að læra í skólanum.
- Lesið saman—næstum hvað sem er; uppskriftir, innkaupalista, dagblöð og bréf.
- Hvetjið barnið til að biðja um aðstoð.
- Verið í góðu sambandi við kennarann.
- Fylgjst með hvort barnið hefur lokið heimanáminu.

Hlutverk hvers og eins okkar

Starfsfólk skólans

- Upplýsingar um heimanám berist tímanlega til nemanda.
- Undirbýr heimaverkefni þannig að nemandi hafi fengið æfingu við að leysa sambærileg verkefni og býður upp á stuðning ef nemandi lendir í erfiðleikum með verkefnin.
- Leiðbeinir um það hvernig best sé að vinna heimavinnuna og kynnir ýmis hjálpleg atriði varðandi hana, t.d. námstækni.

Nemendur

- Gangi úr skugga um að þeir skilji þau verkefni sem lögð eru fyrir og leiti eftir aðstoð ef svo er ekki.
- Skrái vandlega hjá sér allar upplýsingar um heimanám og haldi vel utan um heimanáms-áætlanir sínar
- Ljúki við heimavinnuna.

Fjölskyldan

- Styður við nemandann og veitir honum hvatningu og stuðning.
- Býður upp á góðar aðstæður til þess að sinna heimanáminu.
- Styður við lestur með því að lesa fyrir barnið á móðurmáli þess og styðji við lestur á sem fjölbreytilegastan hátt. Eftir því sem barnið eldist les það æ meira sjálfstætt og heimilsfólk hlustar á það lesa upphátt a.m.k. tvisvar í viku eftir áherslum hvers og eins.